

Borgarráð

Starfshópur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur eru lögð fram til kynningar. Hlutverk hópsins er að 1. vinna að því að uppbygging á lóðum sem ríkið lætur af hendi miði sérstaklega að þörfum ungs fólk og bætist við fyrri áætlanir, 2. Áhersla verði á ódýrt húsnæði, ungt fólk og fyrstu kaupendur á Ártúnshöfða og í Skerjafirði. 3. Áhersla verði á smáhýsi og tilraunahverfi í Gufunesi.

Greinargerð:

Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 ásamt tillögum í húsnæðismálum. Þar á meðal voru tillögur ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu á lóðum sem ríkið lætur af hendi, þróunarsvæði í Ártúnshöfða og nýtt skipulagssvæði í Gufunesi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 ásamt tillögum í húsnæðismálum. Þar á meðal voru tillögur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu á lóðum sem ríkið lætur af hendi, þróunarsvæði í Ártúnshöfða og nýtt skipulagssvæði í Gufunesi.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna tillögur um; möguleg ákvæði í deiliskipulagi, hönnun og aðferðir við byggingar eins og einingahús ásamt því að vinna tillögur að úthlutunarskilmálum. Allt með það fyrir augum að það verði til ódýrar, vel hannaðar og hentugar íbúðir fyrir fyrstu kaupendur. Jafnframt skal horft til gæða, nýsköpunar, félagslegrar blöndunar og staðsetningu gagnvart samgöngum.

Helstu verkefni:

- Uppbygging á lóðum og landi sem ríkið lætur af hendi miði sérstaklega að þörfum ungs fólk og bætist við fyrri áætlanir.
- Ártúnshöfði – Áhersla á ódýrt húsnæði, ungt fólk og fyrstu kaupendur.
- Gufunes – Áhersla á smáhýsi og tilraunahverfi.
- Gæði, nýsköpun, hagkvæmni

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður)

Fulltrúi, skrifstofu skipulags.

Fulltrúi, byggingafulltrúi.

Starfsmaður:

Starfsmaður frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi þar til skilgreindum verkefnum hans er lokið en skili áfangaskýrslum eftir því sem þörf krefur.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson